

sem ástatt er, gefur beiðandanum upp landskuldina í 3 hin næstu fardagaár með því skilyrði, að hann undir umsjón sýslumannsins vinni störf þau, sem þörf er á til þess að vernda engjar jarðarinnar á annanhvorn þann hátt, sem að ofan er á vikið, og hagfeldastur reynist eptir atvikum.

1865.

5. júlí.

48. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í vesturumdæminu, um skoðunargjörð á Ingjaldshóls kirkju.

8. júlí.

Um leið og þér, herra amtmaður, hafið sent hingað skoðunargjörð, er höfð hefir verið á Ingjaldshóls kirkju í Snæfellsnessýslu, en kirkja þessi er þjóðeign, hafið þér í bréfi dagsettu 21. desembermán. f. á. beiðzt samþykkis dómsmálastjórnarinnar til þess, að þér hafið greiðt skoðunarmönnum sem þóknun fyrir starfa þeirra alls 5 rd. 16 sk. úr sjóði umboðsins, og enn fremur borið undir atkvæði stjórnarráðsins, hvort borga megi Thorlacius umboðsmanni reikning, sem hann hefir sent yður og er 24 rd. 16 sk. að upphæð, fyrir ferð hans til Ingjaldshóls og dvöl þar meðan á skoðunargjörðinni stóð, þó svo, að þér leggið áður úrskurð yðar á reikninginn. Jafnframt og þess skal getið, að dómsmálastjórnin hefir ritað fjárstjórninni um viðgjörðina á kirkju þeirri, sem um er rædt, sé yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fellst á borgun þá, sem skoðunarmennirnir hafa fengið, en aptur á móti er engin heimild til að borga Thorlacius umboðsmanni reikning hans, þar eð hann sem umboðsmaður var skyldur til að vera viðstaddur við skoðunargjörðina, og honum þessvegna ekki ber nein sérstakleg þóknun fyrir það.